REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis.

1. gr.

Við 22. gr. bætist nýr liður:

g) *Orthomyxoviridae:* Á síðustu þremur vikum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á mótefnum gegn orthomyxoveirum (Avian influenza H5 og H7). Reynist sýnið jákvætt er innflutningur óheimill.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 19. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, ásamt síðari breytingum og 17. gr. laga nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. ágúst 2005.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garði.

Deiliskipulag norðan Brautarholts.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Garðs þann 6. apríl 2005 samþykkt deiliskipulag norðan Brautarholts.

Deiliskipulagið tekur til svæðis norðan Brautarholts.

Greinargerð og uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Garði, 6. september 2005.

Sigurður Jónsson bæjarstjóri.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 32/2005, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2005, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „60“, „71,30“ og „89,90“ í kafla 3.1. Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk, kemur: „61,50“, „70,80“ og „89,20“.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 1. september 2005.

F. h. r.
Maríanna Jónasdóttir.

Guðmundur Thorlacius.